

Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda

Ársreikningur fyrir árið 2000

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla stjórnar	2.-6.
Áritun endurskoðenda.....	7.
Efnahagsreikningur.....	8.
Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris	9.
Sjóðstreymi	10.
Skýringar.....	11. - 17.
Annual Report.....	18. - 24.

Skýrsla stjórnar fyrir árið 2000

Árið 2000 var viðburðarríkt. Með því lauk 26. starfsári Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda, en hann hóf starfsemi 26. september 1974.

Fyrir utan hefðbundin verkefni hófst innheimta iðgjalda á grundvelli upplýsinga frá ríkisskattstjóra í samræmi við 6.gr.1.129/1997 vegna tekna ársins 1999. Verkefnið hafði verið undirbúið af kostgæfni innan sjóðsins svo og í samvinnu við embætti ríkisskattstjóra, fjármálaráðuneyti og Landsamtök lífeyrissjóða.

Á árinu var sett upp heimasíða, nýr bæklingur gefin út og almenn upplýsingagjöf til sjóðfélaga aukin. Vöxtur sjóðsins var áfram mikill og jukust eignir milli ára um 2.138 milljónir króna.

Innheimta iðgjalda.

Á árinu hófst í fyrsta sinn innheimta iðgjalda í samræmi við 6.gr.1.129/1997. Vegna tæknilegra vandamál var ekki hægt að hefja innheimtu iðgjaldanna vegna launatekna ársins 1998. Í samvinnu við fjármálaráðuneyti var ákveðið að skrifa þeim aðilum sem ekki höfðu greitt til lífeyrissjóða 1998 bréf og minna á greiðsluskyldu þeirra. Ekki er gert ráð fyrir frekari innheimtuaðgerðum vegna launatekna ársins 1998.

Á haustmánuðum 2000 hófst formleg innheimta lífeyrissjóðsiðgjalda sem ógreidd voru vegna tekna ársins 1999. Verkefni snertir flesta ef ekki alla lífeyrissjóði landsins. Innheimta þeirra sem hvergi höfðu greitt til neins lífeyrissjóðs var send til Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda svo og vegna þeirra sem ekki höfðu greitt fullt til sjóðsins. Aðrar innheimtur voru sendar til viðkomandi lífeyrissjóða. Samtals voru vanskil vegna um 11 þúsund einstaklinga. Þar af bárust 5.554 kröfur til Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda til innheimtu. Sjóðurinn sendi öllum giróseðil ásamt upplýsingabæklingi til skýringar innheimtunni.

Í framhaldi voru send ítrekunarbréf og innheimtan afhent lögfræðingi til innheimtu um miðjan febrúar 2001. Samtals innheimtust um 60% krafanna áður en þær voru afhentar lögfræðingi til innheimtu. Alls voru því um 2.100 kröfur afhentar lögfræðingi til innheimtu og mun væntanlega innheimta þeirra standa fram á sumari. Að mati sjóðsins hefur tekist vel til með innheimtuna og árangur góður.

Næsta haust mun svo innheimtan hefjast á ný vegna tekna ársins 2000. Þó vel hafi tekist til þarft að yfirfara málið í heild sinni og búa sjóðinn sem best undir að sinna innheimtunni af kostgæfni. Mikið er áfram unnið að hálfu fjármálaráðuneytis, ríkisskattstjóra, Landsamtaka lífeyrissjóða og sjóðsins í málinu.

Ný heimasíða sjóðsins.

Á árinu 2000 var tekin í notkun velheppnuð heimasíða. Slóðin er www.sl.is. Heimasíðan er bæði til upplýsinga um starfsemi sjóðsins, eignir, starfsfólk o.fl. Einnig bjóðast nýir möguleikar sem ekki hafa verið til staðar áður t.d. að hægt er að ganga frá skilum iðgjalda til sjóðsins í gegnum síðuna. Í samvinnu við Spuna ehf. var hönnuð svokölluð rafræn skilagrein. Skilagreinin er tengd undirliggjandi þjóðskrá sem tryggir að grunnupplýsingar s.s. kennitölur séu ætíð réttar. Vegna uppbyggingar skilagreinarinnar er tryggt að ætíð sé samsvörun milli iðgjalda launþega og iðgjalda launagreiðanda. Hin rafrænu skil eru sérstaklega hentug þeim sem skila fyrir fáa aðila eða hafa ekki sérstakt launakerfi. Í

gegnum heimasíðu sjóðsins er svo hægt að ganga frá greiðslu samhliða. Á heimasíðunni er einnig möguleiki á að sækja um lífeyri, lán svo og ganga frá samningi um viðbótarsparnað.

Séreignardeild.

Nokkur aukning varð á fjölda þeirra sem kusu að greiða til deildarinnar. Samtals eru eignir hennar um 20 milljónir króna. Á árinu var samið um verulega viðbót frá vinnuveitendum til þeirra sem kjósa að leggja til séreignarsjóðs. Almennt er þetta framlag 1% vegna ársins 2001 og 2% á árinu 2002. Með lagabreytingu sem tók gildi í upphafi ársins var öllum launþegum og sjálfstætt starfandi mönnum heimilt að hækka framlag sitt úr 2% af launum í 4% og njóta skattfrelsis.

Með framlagi sem skilar sér í gegnum tryggingargjaldið er almennt heimilt að leggja 5,4% til séreignarsjóðs árið 2001 og 6,4% árið 2002 og njóta skattfrelsis. Þeir sem kjósa að leggja til fjármuni í séreignarsjóð fá því 60% aukaframlag með eigin sparnaði árið 2002. Því er um mjög hagstæðan kost að ræða.

Raunávöxtun séreignardeildar Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda árið 2000 var neikvæð sem nemur 5,7% á móti 26,4% jákvæðri ávöxtun 1999. Ávöxtun fjármuna var erfið árið 2000 eins og vikið verður betur að. Bæði innlendir og erlendir hlutabréfamarkaðir lækkuðu verulega árið 2000 svo og hækkaði ávöxtunarkrafa skuldabréfa sem lækkar eignir séreignardeildarinnar. Ávöxtun fjármuna deildarinnar er algerlega aðskilinn frá bókhaldi samtryggingardeildarinnar eins og fer með mismunandi réttindaávinnslu sjóðfélaga.

Tryggingafræðileg athugun.

Staða sjóðsins er sterk og réttindi traust. Ákveðið var að leggja mat á stöðu sjóðsins miðað við árslok 2000. Samkvæmt því eru heildareignir hans umfram skuldbindingar, að teknu tilliti til skuldbindinga vegna framtíðariðgjalda og núvirðingar eigna miðað við 3,5% raunvexti 814 m.kr. eru það um 4,2% af hreinni eign til greiðslu lífeyris í árslok 2000. Niðurstaða miðað við árslok 1999 var 1.435 m.kr. eða 8% af hreinni eign í árslok 1999. Eignir sjóðsins eru 2,6 % sem hlutfall af heildarskuldbindingum umfram heildarskuldbindingar í árslok 2000. Sambærilegt hlutfall 1999 var 5,4%. Það sem skilur á milli er fyrst og fremst slakari ávöxtun sjóðsins 2000 samanborið við árið 1999.

Lífeyrissjóður Leigubifreiðarstjóra sameinast Söfnunarsjóði lífeyrisréttinda.

Þann 1. janúar 2000 yfirtók Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda eignir og skuldbindingar Lífeyrissjóðs leigubifreiðarstjóra. Sjóðurinn greiddi því sjóðfélögum Lífeyrissjóðs leigubifreiðarstjóra lífeyri frá sama tíma. Þar sem staða Lífeyrissjóðs leigubifreiðarstjóra var mun lakari en staða Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda þurfti að skerða réttindi um 68,5% til þess að eignir og skuldbindingar Lífeyrissjóðs leigubifreiðarstjóra væru jafnar eignum og skuldbindingum Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda.

Hækkun lánsfjárhæðar og lánstíma sjóðfélagalána.

Ákveðið var á stjórnarfundum þann 26. febrúar 2001 að hækka hámarks lánsfjárhæð úr 2 milljónum króna í 4 milljónir króna. Einnig var hámarks lánstími augin úr 20 árum í 30 ár. Vaxtaviðmiði var breytt þannig að vextir breytast mánaðarlega í takt við ávöxtunarkröfu nýjasta flokks húsbrefa til 25 ára. Aukin eftirspurn var eftir sjóðfélagalánum árið 2000. Samtals lánaði sjóðurinn 107 milljónir króna á móti 42 milljónir króna 1999. Fjöldi

afgreiddra lána 2000 voru 62 á móti 31 1999 eða 100% aukning. Veruleg ásókn er áfram í sjóðfélagalán enda þau góður kostur.



Merki fyrir Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda.

Tekið var í notkun merki eða auðkenni fyrir sjóðinn á árinu 2000. Merkið er hannað af fyrirtækinu Hunang. Táknað það upphafsstafrinn í nafni sjóðsins S og þann fyrsta skilding sem lagður er til hans. Það lýsir jafnframt tryggri ferð skildingsins til greiðslu lífeyris í framtíðinni eða við óvænt áföll. Slagorð Söfnunarsjóðsins er **Traustur sjóður – trygg framtíð**. Það er mat stjórnar og starfsfólks að afar vel hafi tekist til með hönnun merkisins.

Rekstur og fjárfestingar 2000.

Á árinu 2000 greiddu 15.995 einstaklingar iðgjöld til sjóðsins. Iðgjöld voru alls 1.109,5 m.kr. sem er 60,7% hækkun frá fyrra ári, en þá námu þau 690,4 m.kr. Hækkun iðgjalda stafar af hækkun launa annars vegar og hins vegar vegna innheimtu iðgjalda í samræmi við 6.gr.1.129/1997. Heildarfjöldi sjóðfélaga í árslok 2000 var 101 þúsund og heildarstigafjöldi til lífeyrisréttar er reiknaður 201,4 þús. stig. Virkir sjóðfélagar samkvæmt skilgreiningu Fjármálaeftirlits voru á síðasta ári 7.643. Virkir sjóðfélagar teljast þeir sem greiða til mánaðarlega til sjóðsins. Er það óbreyttur fjöldi frá fyrra ári.

Áfram var haldið að koma þeim á lífeyri sem ekki höfðu sótt um hann en náð tilsettum aldri. Lífeyrisgreiðslur námu alls kr. 170,7 m.kr. sem er 41,6% aukning frá árinu á undan.

Greiddur lífeyrir skiptist þannig að barnalífeyrir nam 5,8 m.kr., ellilífeyrir 88,6 m.kr., makalífeyrir 17,5 m.kr. og örorkulífeyrir 58,4 m.kr. Lífeyrisþegar voru samkvæmt skilgreiningu Fjármálaeftirlits 1662 árið 2000 en 1243 árið 1999. Fjölgaði lífeyrisþegum því um 419 eða 33,7% frá fyrra ári. Þar af fjölgaði lífeyrisþegum vegna samruna lífeyrissjóðs Leigubifreiðarstjóra við Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda um 293 lífeyrisþegar.

Ráðstöfunarfé sjóðsins 2000 samkvæmt sjóðstreymi var 3.160 m.kr. og lækkaði um 2,3% frá árinu áður. Sjóðurinn fjárfesti í skuldabréfum, erlendum hlutabréfasjóðum og innlendum hlutabréfum í samræmi við stefnu stjórnar. Gerður var framhaldssamningur við Búnaðarbankann verðbréf um ávöxtun 400 m.kr. fyrir sjóðinn. Nafnávöxtun var neikvæð sem nam 0,6%. Jafnframt voru veitt lán til sjóðfélaga. Verulega aukin eftirspurn var eftir þeim. Lánin eru veitt gegn fasteignaveði og eru lánstíminn 8-30 ára. Þau eru verðtryggð samkvæmt vísitölu neysluverðs til verðtryggingar. Vextir tengjast nú mánaðarlegum breytingum á ávöxtunarkröfu húsbrefa til 25 ára að viðbættu 0,75% álagi.

Fjárfest var í innlendum skuldabréfum fyrir 991,7 m.kr. sem skiptist þannig að keypt voru skuldabréf banka, sparisjóða og fjárfestingarlánasjóða fyrir 219,4 m.kr., skuldabréf annarra fjármálafyrirtækja, s.s. eignarleigufyrirtækja, fyrir 78,6 m.kr., skuldabréf sveitarfélaga fyrir 18,9 m.kr., skuldabréf fyrirtækja fyrir 26,4 m.kr. Lánveitingar til sjóðfélaga námu 106,8 m.kr. Þá keypti sjóðurinn skuldabréf tengdum Íbúðalánasjóði þar meðtalin húsbref fyrir 541,6 m.kr. þ.e. 19,1% af heildarfjárfestingum sjóðsins. Skuldabréf sjóðsins eru verðtryggð og bera vexti á bilinu 4,4- 9,2%.

Stjórn Söfnunarsjóðsins ákvað á fyrri hluta árs 1996 að semja við Kaupþing hf. um umsjón með innlendum hlutabréfaviðskiptum samkvæmt fyrirfram markaðri stefnu stjórnar. Hefur það samstarf gengið vel. Samtals var nafnávöxtun innlendra hlutabréfa í eigu sjóðsins

árið 2000 neikvæð sem nam 13,8%. Á sama tíma lækkaði heildarvísitala aðallista VPÍ um 13,7% og Úrvalsvisitala VPÍ um 19,3%.

Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda lagði 255,9 m.kr. til fjárfestinga í innlendum hlutabréfum, og er það svipað og árið 1999.

Fjárfest var í erlendum hlutabréfasjóðum og erlendum hlutabréfum fyrir 1,182,6 m.kr. Lagt var til Schroder Investment Management 19,1 m.kr., Alliance Capital Mangament 599,4 m.kr. Scudder Investment 20,1 m.kr, Vanguard 132,9, Morgan Stanley Dean Witter 345,1 og Fidelity 66,0 m.kr. Jafnframt var ákveðið að flytja fjármuni sjóðsins úr Kaupthing Global Equitiy Class til annarra erlendra fjárvörsluaðila. Ávöxtun fjármuna erlendis var almennt slök en eignir sjóðsins erlendis lækkuðu um 1,1%. M.ö.o. nafnávöxtun var neikvæð sem nam 1,1%. Er það góð niðurstaða þar sem helstu hlutabréfavísitölur lækkuðu verulega, jafnvel svo tugum prósentu skipti og einnig að verulega var áfram aukið við fjárfestingar sjóðsins erlendis árið 2000.

Raunávöxtun eigna sjóðsins 2000 er, samkvæmt ársreikningi, 1,7% umfram vísitölu neysluverðs samanborið við 6,6% 1999. Ávöxtun að frádregnum rekstrarkostnaði er 1,6% samanborið við 6,5% 1999. Rekstrarkostnaður sjóðsins var 2,0% af iðgjöldum, og 0,12% af eignum sjóðsins í árslok. Kostnaður á hvern virkan sjóðfélaga var 2.961 kr. árið 2000.

Rekstur Söfnunarsjóðsins var að öðru leyti með líku sniði og 1999. Aukin áhersla var lögð á að upplýsa sjóðfélaga um starfsemi sjóðsins og þá möguleika sem sjóðurinn býður upp á. Ársfundur sjóðsins var haldinn 17. maí 2000. Nokkur aukning var á fjölda þátttakenda þó svo fundurinn hafi ekki verið fjölsóttur en vonandi verður breyting á þegar fram líða stundir. Einnig var, í maí 2000 og október 2000 öllum greiðandi sjóðfélögum sendar upplýsingar um réttindi sín. Stjórnin hélt 11 bókaða fundi á árinu. Fjórir starfsmenn eru í fullu starfi og einn í hálfu.

Eignasafn sjóðsins horft til framtíðar.

Á árinu 2000 var lögð mikil vinna í að marka stefnu varðandi fjárfestingar sjóðsins til lengri tíma en áður. Fékk málið mikla yfirferð stjórnar og eru megin niðurstöður þær að í lok árs 2003 er stefnt á að eignasamsetning verði eftirfarandi:

Innlend skuldabréf verði um 60% eigna

Innlend hlutabréf verði um 10% eigna

Erlend hlutabréf verði um 30% eigna

Nánari útfærsla hefur verið mörkuð t.d. varðandi skiptingu milli einstakra skuldabréfaútgefanda. Unnið er nú í samræmi við stefnu stjórnar þar um en tími og markaðsaðstæður munu leiða í ljós hvort þessi niðurstaða verður í árslok 2003.

Ný stjórn.

Ný stjórn tók til starfa í upphafi árs 2001. Hún er skipuð af fjármálaráðherra samkvæmt lögum um sjóðinn og til fjögurra ára í senn. Ein breyting varð á skipan hennar en Baldur Guðlaugsson ráðuneytisstjóri fjármálaráðuneytisins var skipaður stjórnarformaður í stað Magnúsar Péturssonar forstjóra Landsspítala-Háskólasjúkrahúss. Magnús Pétursson hefur verið 8 ár formaður stjórnar sjóðsins og kann sjóðurinn honum bestu þakkir fyrir afar vel unninn störf í þágu sjóðsins.

Stjórn Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda staðfestir hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2000 með undirskrift sinni.

Reykjavík 7. maí 2001

Baldur Guðlaugsson
formaður

Arnar Sigurmundsson

Gunnar Gunnarsson

Halldór Björnsson

Hrafn Magnússon

Margeir Daniélfsson

Þorgeir Eyjólfsson

Sigurbjörn Sigurbjörnsson
framkvæmdastjóri

Gunnar H. Hall
ríkisbókari

Áritun endurskoðenda

Til stjórnar Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda

Við höfum endurskoðað ársreikning Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda fyrir árið 2000. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, efnahagsreikning, yfirlit um breytingar á hreinni eign, sjóðstreymi og skýringar nr. 1 - 17. Ársreikningurinn er á ábyrgð stjórnenda Söfnunarsjóðsins og lagður fram í samræmi við lög og starfsskyldur þeirra. Ábyrgð okkar felst í því að láta í ljós álit á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt því ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka. Endurskoðunin felst meðal annars í úrtakskönnunum til að sannreyna fjárhæðir og upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem beitt er við gerð hans og framsetningu í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstri Söfnunarsjóðsins á árinu 2000, efnahag 31. desember 2000 og breytingu á handbæru fé á árinu 2000 í samræmi við lög, reglur og góða reikningsskilavenju.

Ríkisendurskoðun, 7. maí 2001

Sigurður Þórðarson
ríkisendurskoðandi

Grétar B. Guðjónsson